



# CQ TF



## 1. tölublað 16. árgangur febrúar 1998

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1997-1998 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Sveinbjörn Jónsson TF3VET

Ritari:

Ársæll Óskarsson TF3AOT

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Ásbjörn Harðarson TF3LA

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK



Hluti fundargesta á kynningarfundum fyrir CQWW CW keppnina í nóvember 1997. Myndina tók TF5BW

### Meðal efnis í þessu blaði:

Skýrsla formanns fyrir árið 1997 .....	2
Fundargerðir stjórnarfundna .....	3
CQWW CW keppnin í nóv. 1997 .....	4
DX-Hornið .....	8
Reikningar ÍRA fyrir árið 1997 .....	11
Frá Ástralíu/Sept í Reykjavík .....	12
Lykill eða Lyklaborð .....	13
Eignalisti ÍRA .....	14
Úr ýmsum áttum .....	15
Aðalfundur ÍRA 1998 .....	16

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

## Skýrsla formanns sem flutt verður á aðalfundi í feb. 98

Á síðasta ári var stjórn ÍRA þannig skipuð: Formaður, Haraldur Þórðarson TF3HP, varaformaður Sveinbjörn Jónsson TF3VET, ritari Ársæll Óskarsson TF3AOT, spjaldskrárritari Bjarni Sverrisson TF3GB og gjaldkeri Guðjón Egilsson TF3WOT. Varamenn voru Ásbjörn Harðarson TF3LA og Friðrik Kristjánsson TF3FK. Frekar rólegt var yfir starfsemi félagsins á fyrri hluta ársins. Ekkert námskeið var haldið á vegum félagsins. En ekki er þar með sagt að ekkert hafi verið gert til undirbúnings námskeiða. Undirbúningur námsefnis á íslensku fyrir radíóamatöra, er hafinn og er vonast til að því verki verði lokið núna á fyrri hluta ársins 1998. Þátttaka klúbbstöðvarinnar í keppnum var ekki mikil á fyrri hluta ársins 1997, en þeim mun betur staðið að CQWW CW keppninni í nóvember, en þar tók þátt hópur manna er kalla sig “The South China Sea DX Team”, og samanstóð hópurinn af 4 Finnum og 2 Bandaríkjamönnum. Auk þeirra tók Bjarni TF3GB þátt. Árangurinn varð frábær á okkar mælikvarða, enda meðal þess besta í heiminum í þetta sinn, eða u.þ.b. 15 milljónir stiga.

Ekki aðeins færðu þeir okkur fróðleik varðandi hvernig best er að standa að þátttöku í svona keppni, heldur gáfu þeir okkur “Force-12 C3 beam”, 3ja banda þ.e. fyrir 20, 15 og 10 metra. Reyndar kom það fyrir að 20 metra “reflectorinn” brotnaði af í miklu roki um miðjan desember, en þegar þetta er ritað hefur Hillar N6HR, heitið okkur því að við fáum nýjan, okkur að kostnaðarlausu.

Almennur félagsfundur var haldinn hér í Þróttheimum, en eins og kunnugt er var rætt um reglugerð radíóamatöra og væntanlegar breytingar þar á. Allmiklar umræður voru um málið og eins og vænta mátti og voru menn ekki á eitt sáttir. Talsvert var rætt um hugsanlegar breytingar á þeirri kvöð að krafist sé Morse kunnáttu til HF leyfis radíóamatöra. Samþykkt var að fela prófanefnd að finna einhvern umræðugrundvöll á þessu máli og kynna á næsta aðalfundi, þ.e. þessum.

CQ TF kom út fimm sinnum á árinu, röggSAMUR ritstjóri var Brynjólfur Jónsson TF5BW, og færi ég honum bestu þakkir fyrir frábært og óeigingjarnt starf í þágu blaðsins og félagsins.

Varðandi VHF mál er það helst í fréttum að í haust var farið norður á Vaðlaheiði og sett upp loftnet fyrir endurvarpa. Og enn nutum við góðs af samböndum Þórs TF3GW, varðandi að koma endurvarpanum í hús. Reyndar er endurvarpinn ekki enn komin á sinn stað, heldur var þar settur upp “beacon” og hefur hann kallmerkið: TF5VVV. Þegar unnið var að uppsetningu loftnetsins á Vaðlaheiðinni kom í ljós að það náðist að “lykla” endurvarpa Almannavarna ríkisins á Steingrímsfjarðarheiði, en samband mun vera sémilegt frá Reykjavík þangað. Rætt hefur verið um að fá að setja upp endurvarpa á Steingrímsfjarðarheiði til að koma þessu sambandi á. En tekið skal fram að þetta er aðeins í frumathugun. Hinsvegar hefur verið rætt allmikið um endurvarpa fyrir félagið og sýnist sitt hverjum. Ein leið og sú besta er að kaupa nýjan endurvarpa og þá með frjálsum framlögum manna og að félagið kæmi síðan að því máli. Nú þegar hefur verið haft samband við Sigurð Harðarson TF3WST, en hann hefur sagt að hann geti útvegað okkur nýjan endurvarpa á aðeins hálfvirði. U.þ.b. 75-80 þúsund krónur. Heimur TF3TXT, hefur tekið að sér að vera í forsvari fyrir söfnuninni.

Annars er það orðið nokkuð áriðandi að félagið eignist nýja HF stöð en FT 101ZD stöðin er orðinn allgömul og erfið í notkun. Núna ætti að vera svolítið svigrúm til þess að kaupa tæki sem við værum ánægðir með. En því miður verður að segjast eins og er að notkun á klúbbstöðinni er ekki eins mikil og æskilegt væri.

Þá að húsnæðismálum. Það er nú fullljóst að við verðum að yfirgefa húsið í Þróttheimum nú í sumar. Enn er ekkert afráðið með framhaldið og verður það eitt af aðalverkefnum nýrrar stjórnar að koma því máli heim.

Að endingu þakka ég stjórnarmeðlimum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. TF3AOT hefur því miður ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Honum þakka ég sérstaklega fyrir svo og öllum öðrum félagsmönnum sem hafa tekið þátt í starfi og starfsemi félagsins.

Haraldur Þórðarson, TF3HP, formaður

## Fundargerðir stjórnarfunda

5. nóvember 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP. Mættir voru TF3HP, TF3VET, TF3GB, TF3AOT og TF3WOT.

Fundurinn hófst kl. 20.50. HP talaði um jólakaffi 6.des. í Þróttheimum. HP flutti kveðjur frá TF/OZ5IPA með kærri þakklæti fyrir móttökurnar og fyrir það sem hafði verið gert fyrir hann á meðan á dvöl hans stóð hér. Á félagsfundi 12. október hafði Reidar Óskarsson komið að máli við AOT og óskaði hann eftir umsögn stjórnar um hvort hann hafi leyfi til að nota hlustmerkið TF8-004, sem honum hafði verið úthlutað við inngöngu í félagið. Hafði honum verið sagt af einhverjum, sem hann gat ekki nafngreint, að hlustmerki væru löngu hætt í félaginu. Stjórnin tók þá afstöðu að Reidar hafi fulla heimild til að nota hlustmerkið áfram og kannist ekki við að hlustmerki hafi verið lögð niður. AOT las upp fundargerð síðasta stjórnarfundar. HP hafði talað við KX og mundi hann ekki eftir bréfi varðandi uppsögn á félagsheimilinu við Rauðavatn, en mundi eftir bókun á aðalfundi í febrúar 1995, þar sem talað var um að fara þá í næstu viku og skoða Þróttheima. Engin gögn hafa fundist hjá Fjárreiðudeild Reykjavíkurborgar varðandi þetta mál. KX taldi að Ágúst Jónsson hjá Borgarverkfræðingi hefði haft eitthvað með málið að gera. HP hefur aftur samband við KX og fær að vita hvort hann hefur einhverjar nánari upplýsingar um málið. Rætt var um að ÍRA sækti um styrk til ÍTR, eins og algengt er að tómsundafélög geri. VET ræddi um borðfána. Verð á framleiðslu þessara fána er mjög keimlíkt hjá öllum framleiðendum. Verðið er um 250 kr. pr. stk. ef pöntuð eru 500 stk. eða fleiri. Gera má ráð fyrir að 100 flögg kosti um 400 kr. stk. eða u.þ.b. 40.000 kr. fyrir pakkann. Þar sem mönnum finnst talsvert að festa þennan pening í þessu, viljum við kanna þetta betur. Lagt til að AOT skrifi t.d. RSGB og fái að vita hver framleiði fána fyrir þá. Í byrjun október fréttum við af því að Martti Laine OH2BH, heimspekkur keppnismaður og heimshornaflakkari hafi verið í sambandi við Sigga TF3CW og hafði áhuga á því að taka þátt í CQ WW CW keppninni, í lok nóvember, hér á landi. Var ákveðið af stjórn að bjóða Martti til okkar, og síðar kom í ljós að hann yrði ekki bara einn, heldur 5 félagar hans með honum. TF3DX hefur haft veg og vanda af samskiptum við Martti í gegnum Alnetið. Þegar afráðið var að Martti og félagar kæmu hingað var vitað að

gera þyrfti eitthvað í loftnetamálum. Þeir hafa þegar útvegað stefnuvirkt net sem kemur til landsins fljótlega og hefur Jón TF3JRT smíðað stól utaná einn tréstaurninn á Þröttarvellinum, eftir teikningu Villa TF3DX. Lagði Jón á sig 100 km. ferðalag, sérstaklega til smíðanna, þar sem hann hafði aðeins aðstöðu til þess í Keflavík. Þá hefur Villi DX einnig lagt vinnu í að finna út á hvaða hátt er best að koma upp víralofnetum á staðnum. Keppnisstöðin kemur til með að nota kallmerkið TF3IRA. Í sambandi við “Contestinn” í lok nóvember, var gerður vinnulisti svo að ekkert gleymdist. Fundi slitið kl. 23.10

Fundargerð ritaði TF3AOT

10. desember 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP og hófst hann kl. 20.30. Mættir voru TF3HP, TF3AOT, TF3VET og TF3WOT. HP talaði um að mynd á QSL kort vegna “contests”. Hægt væri að kaupa mynd af RAX ljósmyndara á 5000.- kr. Þá kom HP með veggspjald (plakat) með mynd af eldgosinu í Vatnajökli, sem hugsanlegt væri að gefa erlendu þátttakendum sem þakklætisgjöf fyrir þátttökuna í “contestinum”. AOT upplýsti að hann hafi tekið að sér starf “Beacon Coordinator” fyrir Ísland að beiðni Hans Jacob Utne LA6IM/TF og John F. Wilson G3UUT, en hann er “RSGB/IARU Region 1 VHF Beacon Coordinator”. WOT sagði að nýr endurvarpi kæmi til landsins um áramót. WOT talaði um að TF3TXT hefði tekið að sér að vera söfnunarstjóri fyrir endurvarpann. Rætt var um hvar best væri að setja upp þennan nýja endurvarpa og m.a. minnst á Vaðlaheiði. VET minntist á að taka þyrfti saman lista yfir eigur félagsins. Tekinn var saman listi og samanstöð hann af 41 atriði. Eftir lestur fundargerðar síðasta stjórnarfundar, var talað um að jólakaffi hafi verið felld niður, bæði vegna anna hjá stjórn svo og vegna fyrirsjáanlegs umtalsverðs kostnaðar. Þá var rætt um að enn þyrfti að herða innheimtu á eldri félagsgjöldum. Máli við Rafmagnsveitu Reykjavíkur er lokið með uppgjöri. AOT lét vita af því að hann gæfi ekki kost á sér til setu í næstu stjórn. HP spurði AOT hvort hann væri búinn að skrifa bréf til Nýherja vegna uppsetningar á TF3NOS þar. AOT kvað nei við og sagði að ætlunin væri að bréfið yrði skrifað í samráði við TF3BNT. Fundi slitið kl. 23.00.

Fundargerð ritaði TF3AOT

Framhald á síðu 14

## CQWW CW keppnini í nóv. 1997

Það var í haust að Villi TF3DX, kom að máli við mig og sagði hann mér að hann hefði fengið tölvupóst frá Sigga TF3CW, með fyrirspurn frá vini hans, Martti Laine OH2BH, um hvort að við á Íslandi ætluðum að taka þátt í CQWW CW contest í nóvember. Ég sagði Villa að þá skömmu áður hefði verið ákveðið að reyna að fá félagsmenn til þátttöku og hefði Bjarna TF3GB, verið falið að hafa umsjón með þessu sem “contest manager” ÍRA. Villi sagði að Martti hefði óskað eftir því að fá að koma og taka þátt í þessu með okkur. Ég sagði Villa að sjálfsgöðu væri þessi Finni velkominn og “mætti vera með”. Þá hafði ég ekki heyrt neitt um þennan mann fyrr og vissi engin deili á honum.

Upphófust nú miklar skeytasendingar á milli Sigga, Villa og Martti og var afrit af öllum skeytum áframsent til mín og annarra í stjórninni. Smám saman tók þetta á sig fasta mynd. Martti reyndist ekki vera einn, heldur eru þeir sex samtals fjórir frá Finnlandi og tveir komu frá Bandaríkjunum. Allir boðnir velkomnir eina skilyrðið sem sett var að kallmerkið sem yrði notað yrði TF3IRA, annað kom ekki til greina. Þó fóru fram allmiklar umræður um

hvort félagið ætti ekki “contest” kallmerki sem mætti nota. Vanalegt er að slík kallmerki séu með einn eða tvo stafi í viðskeyti. Var talað um að kallmerki með þremur stöfum væri stirt í notkun. Við buðum upp á þá aðstöðu og kallmerki sem við höfum haft í Þróttheimum. Ennfremur upp á það loftnet sem við ættum þ.e.a.s. Olgu.

Hillar N6HR, sendi okkur skeyti, og í því stóð m.a., “Hafið þið aðstöðu til að setja upp þriggja banda stefnuvirkt loftnet? Ef svo er þá ætlum við að senda slíkt á undan okkur.” Hvað var að gerast, vildi maðurinn ekki notast við Olgu, besta loftnet norðan Alpafjalla? (að okkar áliti, allavega). Jú, auðvitað getum við sett upp loftnet. Við ákváðum að smíða festingar fyrir efsta hlutann af mastrinu okkar og festa það síðan efst á tréstaurnum sem er næstur húsinu. Þá væri allt komið í rúmlega 20 metra hæð og vel nothæft í allar áttir. Eftir miklar vangaveltur og vegna ljósanna efst í staurnum var ákveðið að smíða festingar úr skúffujárni og setja rótorinn og leguna þar á og bora síðan í gegnum staurinn og “hengja” loftnetið þar upp. Það væri þá fljótlegt að taka það niður aftur. Jón TF3JRT, tók að sér smíði



Okkar ágætu gesti

Efri röð frá vinstri: Martti OH2BH, Tim N4GN og Pekka OH2TA  
Neðri röð frá vinstri: Hillar N6HR, Jari OH1RB og Jouko OH1RX

Myndirnar tók  
TF5BW

á festingunum og Axel TF3AX, yfirfór og lagfærði rótor og stýriboxið.

Fjarskiptastofnun veitti okkur tímabundna undanþágu um aukið hámarksafl og einnig fengum við leyfi til að nota "allt" 160 metra bandið, þ.e. frá 1810 til 1850 Khz.

Svo hófst biðin, tækist að koma loftnetinu til landsins í tæka tíð og að setja það upp svo að veður hamlaði ekki. Á sama tíma fyrir ári síðan hafði verið mjög slæmt veður. Skyldi verða svo líka núna. Haft var samband við Hrólfr slökkviliðsstjóra og leitað eftir því hvort þeir væru fánlegir til að veita okkur aðstoð við uppsetninguna. Var tekið vel í mála-leitunina og okkur tjáð að einmitt núna ætti að fara að þjálfa nýliða í stjórn á stóra körfubílnum og sama væri hvar það væri gert. Bara að láta þá vita með samilegum fyrirvara.



Loftnetið komið á staurinn. Myndina tók TF5BW

10 dögum fyrir keppnina hringdi Bjarni síðan í mig. "Bímið" komið, bara að skvera því í gegnum Tollinn, og þá allt klárt. Það tók þrjá daga og á fimmtudagskvöldi var elementunum raðað saman og þau hnoðuð. Loftnetið var sett saman þannig að standbylgjan væri góð á Morse hlutanum á hverju bandi fyrir sig. Lengsta elementið var 20 metra "reflector" rúmfrá 11 metrar á lengd. Þarna kom fram sú hugmynd hvort við ættum ekki að reyna að kaupa netið eftir keppnina. Reyndar komu fram þær raddir að þetta væri allof stórt og veikbyggt fyrir okkar veðurfar og myndi sennilega brotna í fyrsta roki sem kæmi. Gott ef það stæði uppi fram yfir keppnina.

Þegar hér var komið hafði Villi ekki meiri tíma fyrir þetta stúss enda hafði hann lofað eiginkonunni að undirbúa stórafmæli hennar, en hana þekkjum við þessir sem eldri erum, en hún hefur ávallt stutt félagið og verið með Villa í hans ferðum þegar félagið hefur verið með vallardaga o.þ.h.

### Guðrún til hamingju.

Síðasta helgi fyrir keppnina. Laugardagur, gott veður og rauði herinn pantaður. Sagt að hann kæmi kl. 15.00, ef ekkert óvænt kæmi upp á. Nokkru fyrir hádegi fóru menn að tínast að Þróttheimum og var klárað að setja netið saman og veður að viðurkennast að stórt þótti mér það með öllum sjö elementunum. Körfubíllinn komst ekki þegar á reyndi, sem í raun var gott því það þurfti að gera breytingar á festingunum, en þær voru smávægilegar. Allt var klárt á sunnudegi og nú kom körfubíllinn á góðum tíma. Við vorum bjartsýnir þegar við gáfum út tímaáætlun, þrjá klukkutíma í mesta lagi. Eftir 5 klukkutíma voru þeir þó orðnir langeygðir eftir því að við lykjum þessu verki. Um kl. 18.00 var þó allt klárt, og nú átti að prufa rótorinn. En þegar til átti að taka virkaði hann ekki. Varð því að taka hann niður og að morgni mánudags var allt yfirfarið á ný, en þá var svo undarlegt að allt virkaði eins og það átti að gera. Síðar kom í ljós að ekki var sama hvernig AC spennan var tengt inn á bremsuspóluna. Seinni parts mánudags var rauði herinn aftur út kvaddur og í þetta skipti virkaði allt eins og átti að gera.

Á mánudagsmorgni fór Bjarni TF3GB og sótti tvo fyrstu gestina, Hillar N6HR, og Tim N4GN. Hillar er fyrrum verkfræðingur hjá Lockheed flugvélaferksmiðjunum, Tim, yfirmaður fjarskiptamála hjá UPS pósthjónustunni. Báðir tveir eru mjög reyndir í CW keppnum. Tim fékk sitt amatör leyfi þegar hann var 10 ára. Þeir notuðu síðan þriðjudaginn til að jafna sig eftir ferðalagið og til þess að setja upp tækin. Þá kom í ljós að magnarinn hans Hillars hafði fengið frekar óvæga meðferð í flutningum og var hann mjög mikið skemmdur, reyndar ónothæfur. Því var haft samband við Jakob TF3EJ sem lánaði okkur sinn magnara, til vonar og vara var haft samband við Sigga TF3CW og hans magnari fenginn að láni. Tim hinsvegar kannaði böndin og notaði Olgu til þess. Það kom honum frekar á óvart hversu böndin voru "hljóðlát" ekki það suð sem fylgir því að búa í stórborg erlendis. Hann var aðallega á 15 metrum

og “mokaði” inn samböndum, aðallega við USA.

Ársæll TF3AOT, fór með þá tvo í ferð austur fyrir fjall, að Gullfossi og Geysi en Jóhanna TF3JKT fór og sótti hina fjóra fræknu Finna til Keflavíkur. Martti OH2BH, Jouka OH1RX, Jari OH1EB og Pekka OH2TA en þeir komu frá Finnlandi með milli-lendingu í Kaupmannahöfn.

Á fimmtudagskvöld var smá móttökuathöfn í Þróttheimum þar sem þeir sögðu lítilsháttar deili á sér, hver og einn.

Fyrri hluti föstudags fór í það að setja upp enn önnur loftnet. Dípól fyrir 160 metra, ennfremur dípól fyrir 80 metra. Fullt af loftnetum og með Olgu sem nú virtist hafa fengið fulla uppreisn æru voru þarna loftnet fyrir öll amatörböndin sem voru notuð í keppninni. Ekki þörf á að “tjúna” neitt út bara “plug and play” Martti ítrekaði enn að þetta væri aðeins gert til þess að hafa ánægju af, ekki til að setja nein ný met. Síðan fóru nokkrir í Bláa lónið til að láta stífa vöðva mýkjast fyrir átökin og eins til að láta flugpreytuna líða úr sér. Haukur TF3HKT bjargaði nokkrum tengingum sem hafði gleymst að gera ráð fyrir.



Hvar á að setja loftnetin. Myndina tók TF5BW.

Rétt fyrir miðnætti var síðan allt tilbúið og allir komnir í startholurnar í Þróttheimum. Á miðnætti var síðan sent út “CQ contest de TF3IRA” og fyrsta sambandið var við Villa TF3DX og það var skipst á venjulegum upplýsingum: 599 40

Martti sagðist vonast eftir ca. 7-8 þúsund samböndum. 8 þúsund væri reyndar nokkuð gott. Tækjabúnaðurinn samanstóð af tveimur Yaesu FT

1000MP og einni Kenwood TS690. Tveir Alpha 91 linear magnarar svo og einn FL2100 voru notaðir. Nokkrar fartölvur með CT forritinu og ein með TR forritinu voru notaðar. Martti notaði ekki tölvu til að “logga” heldur handskrifaði allt. Tim notaði TR forritið í sína tölvu, sagði það aðeins vandmeðfarnara en það væri betra, gæfi meiri möguleika til þess að senda með því.

Um kl. 02.00 var allt komið í fastar skorður og fóru menn heim að sofa, nema auðvitað þeir sem áttu fyrstu vaktina þ.e. Bjarni, Jari og Tim. Samböndin komu inn nokkuð jafnt og þétt, og sjaldan þurfti að nota “CQ”, átti þetta við 160, 80, og 40 metra böndin. Sem betur fer voru sæmileg skilyrði á þessum böndum alla nóttina.

Á laugardagsmorgni kl. 12.00 voru rúmlega 2000 sambönd skráð og enn hélt Martti að þetta væri bara létt æfing, talaði þó um að sennilega hefði verið betra að senda okkur 4 banda loftnetið en það er líka fyrir 40 metra bandið.

Uppúr kl. 14.00 fóru síðan menn að koma í félagsheimilið enda hafði verið boðað til fundar þar sem þeir Martti og Hillar ætluðu að miðla fróðleik til okkar. Martti hóf framsöguna og sagði okkur frá “QTH-inu” sínu á Kanaríeyjum en þar á hann, ásamt nokkrum félögum sínum nokkur hús og loftnetturna. Flestir eru þeir um 30 metra háir með fjöldann allan af loftnetum bæði föstum “bímum”, önnur með rótorum og fjöldann allan af víraloftnetum. Hann sagði okkur frá því þegar hann setti nýtt heimsmet í keppni. Hann var með nokkrar litskyggnur sem hann notaði. M.a. sagði hann frá því að á nokkurra klukkutíma fresti hefði konan hans komið með súpu til hans því hann hafði ekki tíma til að borða fasta fæðu, enda ekkert tækifæri til að skreppa á “prívatið”. Þá sagði frá Canaryfuglinum sínum, en það er fugl sem gefur út mörg wött út í loftnet. Notast er við hand- og fótrofa fyrir tækin og að skipta á milli banda. Hann lék þetta með miklum tilþrifum og var líkast eins og hann væri að dansa trylltan dans við margar trylltar YL.

Hillar var miklu rólegri. Hann, í tilefni dagsins, ræddi um Samúel E. Morse frumkvöðul morsins og hvernig hann fann ekki upp morsið sem þó er kennt við hann. Heldur var það einhver sporgöngumaður hans sem fann upp að skipta þessu í punkta og strik,

eins og við þekkjum það í dag.

Hillar ítrekaði við okkur ÍRA menn að þetta stóra loftnet sem við höfðum nú sett upp og hefði staðið sig með miklum ágætum væri okkar eign eftir keppnina og væri það gjöf þeirra til félagsins.



TF3GB á fullu í keppninni. Myndina tók TF5BW

Var gerður góður rómur að erindum þeirra og fannst mönnum mikið til koma. Alls tók þetta um tvo klukkutíma og á meðan hafði allt gengið sinn vanagang í “tækjaherberginu” menn voru á vappi og ræddu við sexmenningana. Tim hafði af því áhyggjur hversvegna lítið kæmi inn af samböndum frá Kyrrahafinu á 10 metrunum. Hann tók því upp GSM símann og hringdi í vin sinn á American Samoa og bað hann að hlusta eftir sér. Jú, það heyrðist flott í honum þar en skýringin var einföld, það var bara enginn að hlusta þarna á þessum tíma. Á 10 metrunum náðust einnig sambönd við Togo, Mauritius og Senegal að ógleymdri Antarticu. Um kvöldmat voru um 4000 sambönd skráð. Allt eftir áætlun.

Sunnudagur um hádegi. Nú var Martti ekki eins rólegur og hann hafði verið. Og ástæðan? Jú hann var farinn að sjá fram á að líklega hefðum við möguleika á að vera í einu af toppsætunum. Um þetta leyti voru skráð sambönd u.þ.b. 6500.

Kl. 14.00 voru Martti og Jari enn með fyrirlestur og nú um DX-leiðangra og IOTA sambönd. Við sáum myndband frá leiðangri þeirra að Market Reef og hvernig

það gekk fyrir sig. Martti ítrekaði hvað það væri auðvelt fyrir hvern og einn að setja upp IOTA stöð. Vissulega þarf slíkur leiðangur “smá undirbúning” en hann felst að mestu í pappírsvinnu.

Um kvöldmat voru samböndin um 8000 og nú nálgadist spennan hámark því miðnættið nálgadist óðum.

Miðnætti, og allt yfirstaðið. Bara eftir að telja saman úr tölvunum  $2518+2513+1747+1843+1400+640=10661$  samband, langt umfram það sem menn höfðu ráðgert eða gert sér vonir um.

Eftir að vírloftnetin höfðu verið tekin niður var gengið í að pakka saman og öllu lokið um kl 03.00.

Á mánudagsmorgni höfðu þau hjón Villi og Guðrún boðið hópnum í morgunmat Þar var dvalið við mjög gott atlæti fram yfir hádegi en þá fóru flestir þeirra í flug til Kaupmannahafnar og þaðan til Finnlands. Hillar fór á þriðjudag og er líklega væntanlegur aftur í maí, svo heillaður varð hann af landinu og keppnismöguleikunum hér.

Ég þakka þeim öllum fyrir komuna og einnig öllum þeim sem gerðu þetta mögulegt.

73 de TF3HP

Á myndinni hér fyrir neðan sem er tekinn á heimili Guðrúnar og Villa eru talið frá vinstri: Standandi. N6HR, OH2BH, N4GN, TF3HP, TF3JKT, TF3AX, TF3AOT, OH1EB.

Krjúpandi TF3GB, OH1RX, OH2TA, TF3WOT, TF3GC, TF3DX

Myndina tók Guðrún.



## DX-Hornið

Á síðustu stundu legg ég til hliðar dálk sem ég var búinn að skrifa, og fjalla hér um glænýtt efni, CQWW 160 m CW keppnina sem byrjaði kl. 22.00 föstudaginn 23. janúar og stóð fram á sunnudag. Þetta er kjörið tilefni til að taka norðurljósabeltið fyrir í fróðleiksmolunum. Skilyrðin í keppninni eru þeim enn í fersku minni sem hlustuðu. Grein um SFI (solar flux index), sem kemur í eðlilegu framhaldi af umfjöllun um sólbletti í síðasta horni, birtist næst.

### CQWW 160 m CW

Það er áberandi hvað það heyrast margfalt fleiri og sterkari stöðvar núna en fyrir 5-6 árum, oft á tíðum heyrðum við TF3T lítið annað en hvorn annan í þessari keppni. Að einhverju leyti má rekja það til grósku á bandinu, en skilyrðin í sólblettalágmarki hafa sitt að segja.

Ég notaði 12 m ferðastöngina heima, með 2 stutta (6-7 m) geisla að neðan og fædda í toppinn, með tæpum 100 W.

Að kvöldi föstudags var augljóst að skilyrði voru með betra móti, bandið var stappfullt af S9+ merkjum. Ég byrjaði neðst í okkar sviði, á 1820 kHz, og fíkraði mig upp, tindi upp CQ-stöðvar en kallaði ekki sjálfur CQ. Flestir í EU (Evrópu) náðu mér án mikillar fyrirhafnar, sem sýnir að skilyrðin frá TF voru góð.

Í þessari fyrstu umferð varð Martti á vegi mínum, sem EA8BH frá keppnisóðali sínu á Kanaríeyjum. Hann varð býsna kátur, hafði enda sent ÍRA tölvu-póst til að minna á sig. Síðar um nóttina hafði a.m.k. TF3GC samband við hann líka.

Alla nóttina voru stöðvar frá NA (Norður Ameríku) vel heyranlegar hér, en það var illgerlegt að hafa samband við þær. Oftar en ekki voru dúndursterkar EU stöðvar á sömu tíðni. Þannig var með 8P9DX á Barbados, sem ég heyrði alla nóttina, með hléum þó vegna QSB, en náði honum ekki. Það var ekki fyrr en birti í Evrópu að ég náði nokkrum stöðvum vestanhafs.

Fljótlega eftir að bandið opnaðist þegar dimmdi á

laugardag var greinilegt að skilyrðin voru orðin verri. Þetta ágerðist, og um kl. 23 var orðið svo strjált á bandinu að ég lét mig hafa það að kalla CQ í von um að ráða við kraðakið. Í fyrstu gekk ekkert, en svo kom skriða, einhver setti mig á "cluster". Það urðu um 40 QSO næsta klukkutímann, en illa gekk að hemja liðið. Merkið frá mér var greinilega veikt hjá flestum, menn kölluðu meðan aðrir kölluðu án þess að heyra hvað ég var að gera. Svo fjaraði þetta skyndilega út upp úr miðnætti. Fram til kl. 02 tindi ég upp þá fáu sem bættust í hóp þokkalega góðra merkja, kallandi CQ. Þá var komið norður-ljósahljóð í suma og ég hætti.

Ég rumskaði um fimmleitið, ekkert nýtt var að heyra, þeir sterku og staðföstu voru þarna enn, bara talsvert daufari. Klukkan sjö var ég kominn á stjá. EU var á leiðinni út með dögum þar á bæ, en allmargar stöðvar í USA heyrðust, um S 3-5. Ég kallaði margar, einstaka heyrðu eitthvað og gerðu veikburða tilraunir til að ná mér, en aðeins KQ2M í Connecticut hafði þolinmæði til að biðja mig að senda aftur og aftur, uns allt náðist. Þetta var klukkan 08.16 og mitt síðasta QSO. Alls urðu þau 168, löndin 38, heimsálfur 4 og 7 fylki í USA og Kanada. Með "alvöru" þátttöku hefðu samböndin orðið mun fleiri. TF stöð sem hefði gefið sig í kraðak (pile-up) fyrri nóttina hefði fengið fullt af EU stöðvum sem að öðru leyti voru lítt framtakssamar í keppninni, því marga vantar enn TF á 160m.

Obbinn af samböndunum voru við Evrópu. Annað var sem hér segir, tíminn er innan sviga og fylki þar sem á við:

**Afríka:** EA8BH (2312), CT3FN (0129)

**Asía:** C42A (2013) þetta er Kýpur, 5B

**N-Ameríka:** VE1ZZ (NS 2218), VE1PZ (NS 0752), VE3EJ (ON 0739)


W1FJ (MA 0810), W2GD (NJ 0748), W3TS (PA 0758) K3WW (PA 0739), K8DX (OH 0804), KQ2M (CT 0816).

### Fróðleiksmolar

Norðurljósín stafa af orkumiklum rafeindum og róteindum sem koma frá sólinni og rekast á sameindir gufuhvolfsins í 100 km hæð eða svo.



Segulsvið jarðar beinir þessum ögnum að heimskaútssvæðunum, þær koma niður á hringlaga belti um segulskautin. Norðurbeltið liggur nær allaf yfir Ísland, en breikkar til suðurs þegar mikið gengur á. Myndin sýnir líklegan fjölda daga sem vart verður norðurljósa.



Hæsta tíðnin er 243 dagar á ári, og eins og sjá má liggur sú lína yfir Reykjavík. Tíðnin fellur bæði til norðurs og suðurs, komin niður í 50 daga nyrst á Skotlandi og Grænlandi. Bretar telja bestu DX skilyrðin hjá sér vera syðst á Englandi, enda er tíðnin komin þar niður í rúma 5 daga á ári.

D-lagið er neðst í fareindahvolfinu, þar er þéttni loftsameinda nægileg til að árekstrar verða tíðir. Rafeind sem sveiflast (eins og í loftneti) fyrir tilstilli aðvífandi bylgju missir orku sína við áreksturinn, hún verður að varma í stað þess að geisla út aftur sem endurkast. Þess vegna virkar D-lagið aðallega deyfandi. Því lægri sem tíðnin er, því lengur ferðast rafeind til annarrar handar áður en sveiflan snýr henni við. Stærri frávik frá meðalstöðu þýðir auknar líkur

á árekstri, þess vegna eykst þessi deyfing ört með lækkandi tíðni.

Það er D-lagið sem drepur alla stökkbylgju (sky-wave) á miðbylgju á daginn, sterkustu útvarpsstöðvar heyrast ekki milli landa. Sama gildir á 160 m og að heita má á 80 m. Þar er þó hægt að nota stökkbylgju undir háu horni fyrir stuttar vegalendir (innanlands), bylgjan fer næsta þvert á D-lagið, stystu leið í gegn. Ástandið er strax miklu betra á 40 m, og D-lagsins gætir enn minna á 20 m og ofar.

Geislar sólar viðhalda D-laginu á daginn, en það er fljótt að hverfa þegar dimmir vegna þess hve framboð á jónum með gagnstæða hleðslu er mikið í þessari hæð. Hins vegar er F-lagið svo ofarlega, gufuhvolfið þunnt, að jónunum þar endist varla nóttin til að finna sér

“maka” af gagnstæðu kyni til að sameinast. Góðir endurkastseiginleikar þess nýtast því allan sólarhringinn.

Þegar dimmir hverfur D-lagið og DX-hundarnir fara á kreik á 160 m og 80 m. En nú koma slæmu fréttirnar fyrir TF. Agnirnar sem streyma niður í norðurljósabeltið enda í svipaðri hæð og D-lagið, og valda því samskonar deyfingu. Má segja að norðurljósunum fylgi D-lag á nóttunni líka, okkur til handa. Þess vegna er reginmunur á því að stunda DX á 80 m og 160 m frá Íslandi eða suðurhluta Englands, svo dæmi sé tekið.

Þessi áhrif eru ekki eins kröftug og frá D-laginu á daginn, og sveiflast með aðstreymi agna. Sýnileg

norðurljós eru mælikvarði þar á.


Bandaríska umhverfisstofnunin, NOAA (National Oceanic and Atmospheric Administration), heldur úti mælingum á aðstreymi agna með hjálp gervitungla sem eru á fremur lágum (850 km) brautum yfir heimsskautin. Það hófst 1978 með TIROS hnöttum, en nú eru notuð svokölluð POES (Polar Orbit Environmental Satellites) gervitungl.

Með því að bera saman þessi mæligögn til margra ára og upplýsingar um sýnileg norðurljós, hefur nú verið þróað forrit sem reiknar líklega legu og styrk norðurljósanna nánast í rauntíma. Kort sem sýna niðurstöðuna eru aðgengileg á vefnum. Farið inn á slóðina <http://sec.noaa.gov/> og veljið "Auroral Activity". Þar er líka að finna gögn nokkra daga aftur í tímann.

Jafnframt er gefið upp áætlað heildarafl þessa agnaflæðis á hvort heimskautssvæðið um sig, byggt á sömu mælingum. E.t.v. má kalla það "áfallsafl". Þó það taki ekki tillit til einstakra landsvæða, hygg ég að þetta sé að jafnaði vel nothæfur mælikvarði á skilyrðin hjá okkur á 80 m og 160 m. Ég minnst þess að sveiflur sem ég greindi í skilyrðum vestur um haf í ARRL 160 m keppninni í fyrra, virtust falla vel breytingum á þessu heildarafli.

Myndin hér fyrir neðan sýnir graf sem ég hef gert yfir áfallsaflíð í CQ 160 m keppninni nú. Takið eftir að þetta er með lygrakvarða (lógarítmískt), svo munur á hæstu og lægstu gildum er í raun tífaldur. Berið nú lýsinguna á því hvernig ég upp-lifði skilyrðin í keppninni, og áður er lýst, saman við grafið. Þeir sem sjálfir fylgdust með geta gert það sama með sína reynslu.

Framhald á síðu 14



# Reikningar ÍRA fyrir árin 94, 95,96 og 1997

Ath. Það á eftir að endurskoða reikninga fyrir 1997 þannig að tölur gætu breist. (TF5BW)

Íslenskir radióamatörar .....	Árið 1994	Árið 1995	Árið 1996	Árið 1997
<b>Tekjur .....</b>				
Greidd árgjöld .....	239.000	253.711	216.000	250.500
Vaxtatekjur .....	14.536	924	20.248	1.423
Aðrar tekjur .....	8.882	0	40.000	10.000
Framlög .....	24.500	0	0	0
<b>Tekjur alls .....</b>	<b>286.918</b>	<b>254.635</b>	<b>276.248</b>	<b>261.923</b>
<b>Gjöld .....</b>				
Húsaleiga .....	82.052	0	0	0
Rafmagnskostnaður .....	17.214	0	0	16.926
Fundakostnaður .....	15.500	12.100	0	24.182
Ritföng, Pappír, Póstkostnaður .....	40.620	4.750	57.118	56.684
Prentun, Ljósritun .....	31.308	0	0	28.000
Bankakostnaður .....	1.032	391	429	1.213
Önnur gjöld .....	790	25.254	34.030	0
Afskrift .....		100.000	150.000	100.000
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>188.516</b>	<b>142.495</b>	<b>241.637</b>	<b>227.005</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>98.402</b>	<b>112.140</b>	<b>34.611</b>	<b>34.918</b>
<b>Efnahagsreikningur pr.31. desember 1994,95,96,97</b>				
Sjóður .....	16.088	16.088	16.088	0
Annað .....	7.294	27.857	27.857	0
Millifærslureikningur #007783 .....	0	170.103	70.023	102.283
Ávísanareikningur #13995 .....	117.451	108.779	73.609	29.157
Ávísanareikningur #1013 .....	10.919	10.946	10.983	0
Ávísanareikningur #1810 .....	46	0	0	0
Tæki áhöld og húsbúnaður .....	179.536	86.936	241.121	259.451
Íslandsbréf .....	257.280	277.280	296.800	315.000
Kort .....	455	0	0	0
Inneign hjá viðskiptavinum (félögum) .....	18.857	0	21.633	66.631
<b>Eignir alls .....</b>	<b>607.926</b>	<b>697.989</b>	<b>758.144</b>	<b>772.522</b>
<b>Skuldir .....</b>				
Skuldir við viðskiptamenn .....	22.077	0	25.544	5.004
Skuldir alls .....	22.077	0	25.544	5.004
Eigið fé 1. janúar 1994,95,96,97 .....	484.447	585.849	697.989	732.600
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	98.402	112.140	34.611	34.918
Eigið fé 31. desember 1994,95,96,97 .....	585.849	697.989	732.600	767.518
<b>Skuldir og eigið fé alls .....</b>	<b>607.926</b>	<b>697.989</b>	<b>758.144</b>	<b>772.522</b>

## Frá Ástralíu

Subject: ICELAND  
 Date: Thu, 01 Jan 1998 10:08:20 +1100  
 From: vk3ajj <vk3ajj@techno.net.au>  
 To: tf5bw@nett.is

Dear Sir,  
 Hello from the other end of the world.  
 Congratulations on your informative web page - I did not realize there were so many active HAMs in Iceland.

My name is Paul and I live approximately 45km east of the central city of Melbourne on a small hobby farm property (approx. 8 hectares). I am 32 years old and live with my wife Helen and a large assortment of animals and antennas (Helen's hobby is animals).

I work as a Business Banking Manager for Australia's largest financial institution, National Australia Bank Ltd.

I have been a HAM since 1979 and have remained a keen Dxr over that time. I have 327 countries worked and have just completed my DXCC (worked) on 160M.

My other interests are travel, computers, reading and films.

Helen and I would love to travel to Iceland one day to see the sights and to operate some HAM Radio from the other end of the world.

As travel between Australia and Iceland is very expensive we would be interested in communicating with anyone in your country who is interested in visiting Australia. What we have in mind is maybe hosting someone from Iceland here in Australia for 2-3weeks and they doing the same for us when we visit your country. This would reduce expenses for everyone and more importantly provide an opportunity to see the "real" Australia / Iceland. Maybe you can put this information in your HAM magazine with my email address for any interested party.

I am also looking for a TF contact on 17,12 and 10 meters. With the new solar cycle now in full swing I believe a contact on these bands should be achievable. Are you interested in trying a sked with me??

I thank you for your valuable time spent in reading this email.

Regards Paul (vk3ajj)

## CEPT í Reykjavík

C.L.G. Newsletter #4 1997 eru eftirfarandi upplýsingar að finna:

Þessar upplýsingar eru frá John Bazley G3HCT, fulltrúa I.A.R.U. á CEPT ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í September.

Umsókn frá Ísrael til að vera með í T/R 61-02 var samþykkt.

Umsókn frá S-Afríku til að vera með í T/R 61-01 og T/R 61-02 var samþykkt.

Við umsókn Ástrala voru gerðar smávægilegar athugasemdir um atriði sem þarf að lagfæra svo hægt sé að samþykkja þátttöku þeirra.

Í lok greinar G3HCT, var að finna texta sem ég tel að best sé að birta óþýddan:

"Unusually the CEPT-RR meeting ended earlier than normal enabling myself and a licenced member of the Polish delegation to visit the local Amateur Radio Club in Reykjavik where we spent a most enjoyable evening."

Pólverjinn sem kom með hr. Bazley var "Chris" Krassowski, SP4TKK

Í bréfi sem G3HCT sendi til ÍRA stóð m.a.: (óþýtt)

"Dear friends,

May I thank you for your kind hospitality during my recent visit to Iceland it was a marvellous opportunity to meet you all and see the excellent facilities that you have there."

(Við þurfum ekkert að skammast okkur fyrir aðstöðuna, enda sagði hann mér að margir klúbbar í Englandi hefðu talsvert verri aðstöðu og minna aðgengi)

73 de TF3AOT

Á myndinni hér fyrir neðan er John Basley G3HCT við klúbbstöðina í Próttheimun



## Lykill eða lyklaborð

Fyrir réttu ári í CQWW CW “contest” fékk ég smá nasasjón af því hvernig tölvur eru notaðar til þess að lykla sendi. Þar sem ég hafði þá nokkrum mánuðum áður ákveðið að taka mér tak varðandi morse skoðaði ég þennan möguleika frekar og setti upp í tölvunni heima, CT forritið. Eftir smá erfiðleika með serialtengið í vélinni gat ég nú lyklað sendinn minn, ráðið hraðanum og nú voru allir stafir með jöfnu bili og lyklaborðið gerði það að strikin og punktar voru réttir þ.e. 5 urðu með fimm “dit” ekki fjórum eða sex. Með CT gat ég líka haldið radiódagbók þó hún gæfi ekki fullkomna mynd af sambandinu, t.d. vantaði raunverulegt RST bæði mitt og þess sem ég hafði sambandið við. Þá vantaði nafn og QTH og ekki var hægt að skrifa athugasemdir ef einhverjar voru, en það var hægt að láta tölvuna prenta út límmiða fyrir sambandið.

Um sama leyti fékk ég útgáfu af OH1AA “log” forritinu sem gerði mér mögulegt að láta prenta út jafnóðum þannig að í stað þess að handskrifa dagbókina gat ég fært hana á tölvuna, en þá varð ég líka að flakka á milli forrita. Þannig þróaði ég fyrir sjálfan mig tækni í að nota CT til að kalla út CQ og einnig til að senda það sem ég hafði skrifað í reitina og notað síðan F-takkana fyrir “standard qso” og einnig notað lyklaborðið til frekari samskipta.

Um síðustu jól fékk ég frá xyl “MFJ memory keyer” sem hægt er að forrita með 40 þúsund stöfum í átta

sjálfstæðum minnisstöðvum. Þá er og hægt að tengja venjulegt lyklaborð við stöðina og nú þarf ég ekki að nota tölvuna sjálfa til að senda. Auk margra möguleika er sérstaklega einn sem ég hlakka til að nota en það er að hægt er að láta senda “random” stafi til þess að þjálfa sig í móttöku og er sent í fimm stafa hópum og hraðanum ræður maður sjálfur. Síðan er vitanlega hægt að raða þessu öllu saman þannig að útkoman verður fullkomin eftirlíking af “QSO”.

Vitanlega er síðan hægt að tengja við þetta tæki hinar ýmsu útfærslur af lyklum en þó ekki venjulega pumpu, nema hún sé hliðtengd. Ég fékk lánaðan lykil hjá Óskari TF3DC til þess að æfa mig á og nota ég hann í “iambic mode” og gengur bara sémilega.

Vandamálið er, eða réttara sagt spurningin er? Á maður að nota lyklaborðið eða venjulegan lykil? Sá sem notar lyklaborðið eingöngu hann tapar á því sem má kalla “karakter”, en eins og við vitum hefur hver sinn hátt eða stíl á sendingunni. T.d hafa TF3DX, sem notar að mestu pumpuna og TF3GC, sem notar að ég held “el-bug” sinn hvorn stílinn. Báðir eru vanir menn og því vel lesanlegir á miklum hraða. (20 WPM+). Þá hef ég spjallað við menn sem segjast ekki morsa við maskínur, aðeins menn.

73 de TF3HP

### Afmæli

Eftirtaldir leyfishafar eiga stórafmæli á árinu:

TF3AA	70 ára
TF3DKT	20 ára
TF3EET	40 ára
TF3EF	60 ára
TF3EJ	30 ára
TF3FG	40 ára
TF3FRT	40 ára
TF3IM	50 ára
TF3KKT	40 ára
TF3KX	40 ára
TF3LG	70 ára
TF3OO	40 ára
TF3SZ	50 ára
TF3UA	40 ára

Hafi einhverjir gleymst biðjum við forláts.

### Frá ritstjóra.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka félagsmönnum ÍRA viðtökurnar á blaðinu og góð orð í minn garð. Það er búið að vera gaman að því að setja blaðið upp og ekki sé ég eftir tímanum sem í það hefur farið. Mér óraði ekki fyrir því að það yrði ekki meira mál en verið hefur að fá menn til að skrifa í blaðið en betur má ef duga skal. Það verður jafnframt að segjast eins og er að þeir sam hafa sent efni til mín eru alltof fáir og ekki á ég von á því að þeir sem það hafa gert endist til eilífðar. Því vil skora á félagsmenn að senda mér efni um hvað eina sem tengist amatörradíói. Hvað er að fréttu af gervitunglasamböndum, RTTY, Packett, er einhver að taka í notkun nýtt log forrit eða contest forrit og svona mætti lengi telja því ekki að senda smá grein til birtingar í CQ TF og gera þannig blaðið fjölbreyttara og jafnvel stærra. Nokkrar greinar bíða næsta blaðs þar á þedal er umfjöllun um morsið sem virðist eiga að leggja niður víða í opinberum fjarskiptum. Á ég að trúa því að enginn vilji tjá sig um það mál. Radióvitinn okkar puðar á Vaðlaheiði. Senditíðni hans er 144.975 MHz. Einu fréttirnar af útbreiðslu merkja frá honum eru að TF3KET mun hafa heyrt til hans á Steingrímsfjarðarheiði. Hefur einhver annar orðið var við merki frá honum og þá hvar? Endilega látið mig vita. **Gjaldkeri minnir félagsmenn á að greiða árgjöldin, eldri sem yngri.**

Kærar kveðjur TF5BW

**Fundargerðir frh.**

7. janúar 1998.

Stjórnarfundur haldinn á heimili HP (samkvæmt venju, enda kallað Félagsheimilið stundum). Fundurinn hófst kl. 20.30. Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3VET, TF3AOT og TF3WOT. HP sagðist hafa haft samband við Hillar N6HR útaf brotna 20m "reflectornum". Þá hafði GB einnig haft samband við Hillar útaf því sama. Hafði Hillar sagt að þetta félli undir fulla ábyrgð á netinu og yrði sendur okkur nýr "reflector" alveg okkur að kostnaðarlausu. AOT minntist á TF3NOS og sagði frá því að Benedikt TF3BNT hefði ekki svarað skeytum frá sér, sem hann sendi í desember. Samþykkt var af stjórn að fela Vilhjálmi TF3VST að nálgast tölvuna og koma henni upp í Háskólanum í samráði við Halldór TF3DKT. AOT sagði frá samtali sem hann átti við TF5BW vegna útgáfukostnaðar á CQ TF. Tilboð sem Brynjólfur hafði fengið var 14000.- kr. miðað við 175 eintök og 16 blaðsíður. Var rætt um í stjórn að sá kostnaður teldist ekki mikill og Brynjólfi falið áfram að sjá um framkvæmd útgáfunnar, eins og hann hefur gert svo vel síðan hann tók við sem ritstjóri. Borist hefur til eyrna að hugsanlega verðum við að rýma Þróttheima í ágúst n.k. Rætt var um hvar væri hugsanlegt að við gætum komið okkur inn eftir þann tíma. Rætt var fram og aftur um húsnæðismál. Eftir kaffistund var rætt um hvenær ætti að halda aðalfund. Ákveðið var að hafa hann 28. febrúar í Þróttheimum. Fundi slitið kl. 22.30

Fundargerð ritaði TF3AOT

**DX-hornið frh.**

10 GW telst mjög lítil virkni en 100 GW mjög mikil. Hæsta áætlaða gildi hingað til er 500 GW. NOAA skiptir virkninni í stig samkvæmt:

GW	Stig
4 - 6	3
6 - 10	4
10 - 16	5
16 - 24	6
24 - 39	7
39 - 61	8
61 - 96	9

Þessi stig eru gefin upp á fyrrgreindum norður-ljósakortum. Nú skora ég á alla sem tók hafa á, að kanna með samanburði við skilyrði, hvort við getum notað þessi stig sem mælikvarða á 160 m og 80 m DX-líkur frá Íslandi. Að vísu er varla tryggt að DX-skilyrði séu góð þótt þetta stig sé lágt, margt fleira kemur til. En það gæti verið vísbending um möguleika okkar samanborið við aðra.

**Eignalisti ÍRA**

Eignalisti ÍRA, gerður 10. desember 1997

1. Yaesu FT101ZD Mk III TX/RX
  2. Hljóðnemi f. no. 1 Yaesu YD148
  3. VFO external f. no. 1
  4. Hátalari f. no. 1
  5. Antenna tuner Yaesu FC902
  6. Heatkit CW keyer (frá TF3SF)
  7. Kenwood TS520 TX/RX
  8. Handhljóðnemi f. no. 7
  9. Kenwood TS820 TX/RX
  10. Handhljóðnemi f. no. 9
  11. Yaesu FT4700 VHF/UHF TX/RX
  12. Handhljóðnemi f. no. 11
  13. 12V spennugjafi (bilaður)
  14. 2M Icom 22A TX/RX (TF3NOS)
  15. Hljóðnemi f. no. 14
  16. Tölva 486 (TF3NOS)
  17. Tölva Tulip 286 (notuð úr Þróttheimum)
  18. Tölva (frá TF3LA)
  19. Tölva 286 (var notuð f. QTC sendingar)
  20. 10 metra hár turn í 3 hlutum
  21. Hy-Gain Rótor með stjórnbóxi
  22. 50m stýrikapall f. Rótor
  23. ca. 200m coax RG213
  24. 400m kopar/stál vír (Olga)
  25. Balun 1:12
  26. Force-12 C-3 stefnuvirkt loftnet gjöf frá SCDXA
  27. Radíóviti (nú sem TF5VVV)
  28. 3elementa 3ja banda loftnet
  29. 7elementa 2metra loftnet (gjöf frá TF3FK)
  30. 19" tækjaskápur (gjöf frá TF3WST)
  31. 2 "slimmar" 2metra loftnet
  32. Endurvarpi TF3RPB PYE
  33. Endurvarpi TF1RPC
  34. Móttökumagnari við no. 33
  35. Loftnet við TF3RPB (?)
  36. 4 sett af "Cavity" síum
  37. TF8VHF radíóviti
  38. TF3IRA QSL kort, fjöldi=?
  39. MFJ TNC f. Packet ofl. Multimode
  40. KAM TNC
  41. Slatti af Log blöðum
  42. Collins tæki (safngripir) frá Þorst.Gíslasyni
  43. External VFO f. TS520
  44. Hátalari við TS520
  45. Rússneskur SWR mælir
- Hafi einhver eitthvað við þennan lista að athuga eða við að bæta þá vinsamlegast hafið samband við einhvern stjórnarmanna.

# Úr Ýmsum áttum

## Glæsilegur hópur.

Á baksíðunni í síðasta blaði var mynd af glæsi-legum hóp amatöra. Spurt var hverjir þetta væru. TF3DC, TF3HP og TF3KX þekktu alla nema einn. Standandi frá vinstri eru þetta TF3BV Ívar Þórarinnsson TF3BV (silent key), óþekktur, TF3HS Hallgrímur Steinarsson, TF3YL Sigrún Gísladóttir, TF3JB Jónas Bjarnason, TF3UA Sæmundur Þorsteinsson, TF3KX Kristinn Andersen. Næstur fyrir framan er TF3SE Stefán Sæmundsson, þá TF3AX Axel Sölvason og fremst er TF3KD Kristinn Daníelsson. Ef einhver veit hver þessi óþekkti er þá vinsamlegast hafið samband við ritstjóra.

## Vetrarólympíuleikarnir 1998.

Dagana 7. til 22. febrúar 1998, verða haldnir 28. vetrar Ólympíuleikarnir í Nagano í Japan. 83 þjóðir munu eiga keppendur á leikunum og keppendur verða rúmlega 3000. Í fréttabréfi frá JARL kemur fram að þeir munu verða með sérstakt kallmerki í gangi mótsdagana og verður það 8N0WOG (átta nóvember núll winter olympic games). Stöðin mun verða opin öllum þeim sem hafa amatör leyfi, hvaðan sem þeir koma að úr heiminum. Þannig að núna er bara að drífa sig til Japan og muna eftir leyfisbréfinu. Nánari upplýsingar veitir JA0TBJ, Kimihiko Koyanagi. Fax no. +81-26-233-2356 eða netfang. ja0tbj@mx2.nisiq.net.

Heimild TF3AOT

## Stuttfréttir frá TF5SJ/LA0BX.

CEPT tilmæli T/R 61-01 er nú samþykkt af 30 Evrópulöndum og 5 utan Evrópu. T/R 61-02, sem skilgreinir samræmdar leyfiskröfur gildir í 19 Evrópulöndum. Mörg lönd hafa nýlega breytt amatörreglunum svo það er mikilvægt að hafa nýjustu útgáfuna undir höndum ef nota á CEPT leyfið.

Fjöldi radióamatöra í heiminum mun nú vera um 3 milljónir og fjölgar um 7% á ári.

Heimild IARU

Sænskir amatörar hafa orðið fyrir miklum truflunum á HF böndunum frá rafhreyflum með rafgangráðum. Slíkir hreyflar eru notaðir í loftræstingakerfi, lyftur, dælur og fleira. Ástæðan hefur alltaf reynst vera röng

uppsetning, það er að segja óskermaðir kaplar í staðinn fyrir skermaða

Heimild QTC

Finnskir amatörar fengu leyfi til að nota bandið 135,7 til 137,8 kHz frá 1. apríl 1997. Norðmenn fylgdu svo eftir 1. september og sennilega hafa fleiri þjóðir bæst í hópinn um síðustu áramót. Norska leyfið gildir fyrir leyfisflokkana A og B (forskeyti LA og LB). Bara má nota A1A og ekki yfir 100 W út frá sendir

Heimild TF5SJ/LA0BX

Svo getur farið að sænskir radióamatörar sem áhuga hafa á keppnum geti fengið lánað stutt kallmerki (einn bókstaf í viðskeytinu) til dæmis SM0A. Svíar hafa kallsvæðaskiptingu svipaða þeirri sem notuð er á Íslandi en gert er ráð fyrir að kallmerki eins og SM3F og SM4F geti verið í gangi í sömu keppni hjá mismunandi hópum eða einstaklingum. Þessi nýju kallmerki munu ekki tilheyra neinum einstaklingum eða félögum heldur þarf að fá þau lánuð fyrir hverja keppni. Það er mikill kostur að hafa stutt kallmerki í keppnum, eykur hraða og minni hætta er á villum.

Heimild QTC

## Í.R.A í símaskrána.

Íslenskir Radióamatörar hafa nú fengið sér **Talhólf og er símanúmerið 881-2158** og eru Íslenskir Radióamatörar komir í símaskrána og er þá auðvelt fyrir áhugasama að hafa upp á okkur. Kosturinn við það er að Talhólfið lætur okkur (þann sem Talhólfið hringir í) vita af þegar skilaboð hafa borist í það. Hægt er að láta Talhólfið hringja í símboða eða bara í eitthvert annað númer. Stofngjaldið er 623kr og ársfjórðungsgjald er 374kr

Heimild TF3RJT

## Afsláttur til radióamatöra.

Miðbæjarradíó veitir nú radióamatörum 10 til 25% afslátt af vörum í verslun sinni að Hverfisgötu 18 í Reykjavík. Sökum plássleysis í þessu blaði verðu nánar fjallað um þetta í því næsta. Skoðið heimasíðu Miðbæjarradíós á netinu. slóðin er:

<http://www.isholf.is/mradio>

TF5BW

**Fundarboð****Aðalfundur ÍRA**

**Verður haldin í Þróttheimum  
laugardaginn 28 febrúar 1998  
klukkan 14.00**

**Fundarefni:**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Önnur mál.**

Félagar fjölmennið. Stjórnin

*CQ TF kemur næst út í byrjun maí og er ætlunin að gefa þá út nýtt félagatal. Félgar ÍRA og Radíóskáta eru beðnir að koma leiðréttingum til ritstjóra fyrir 15. apríl. Efni í blaðið þarf að hafa borist ritstjóra fyrir sama tíma*

**CQ TF****ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA****YAESU**